



**Klappir Grænar Lausnir hf.**

Árshlutareikningur samstæðu

2022

Klappir Grænar Lausnir hf.  
Hlíðasmára 3  
201 Kópavogur  
kt. 630914-1080

# **Klappir Grænar Lausnir hf.**

## Árshlutareikningur samstæðu

### 2022

#### **Efnisyfirlit**

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3-4
Lykiltölur	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-4

# Könnunarritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Klöppum Grænum Lausnum hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Klappa grænna lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

### Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn völdtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 25. ágúst 2022

### Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir  
endurskoðandi

*Árshlutareikningur Klappa grænna lausna hf. er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.*

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins þróun og hönnun á hugbúnaði, kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánstarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

## Starfsemin á árinu

Tekjur samkvæmt rekstrarreikningi.....	230.594.106
Hagnaður félagsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	14.064.864
Eignir félagsins í lok tímabils samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	521.678.185
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	422.720.840
Eiginfjárlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	81,0%

## Hluthafar

Hlutfé félagsins nam 140,2 m.kr í lok júní 2022. Hlutfé félagsins skiptist í tvo flokka, A og B flokk, sjá nánar í skýringu 9. Í lok júní voru hluthafar 315 talsins og fjölgaði þeim um 13 frá ársbyrjun 2022. Tólf stærstu hluthafarnir voru eftirfarandi í lok júní:

	A hlutir	B hlutir	Samtals	Atkvæða- réttur
Kvistar eignarhaldsfélag ehf.....	48.275.375	18.773.950	67.049.325	96,55%
Sindrandi ehf.....	-	32.545.834	32.545.834	0,00%
Pund ehf.....	-	5.000.000	5.000.000	0,00%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.....	-	3.619.579	3.619.579	0,00%
Eyktarsalir ehf.....	200.000	2.845.350	3.045.350	0,40%
Stey ehf.....	-	3.000.000	3.000.000	0,00%
Kjalvegur ehf.....	-	3.000.000	3.000.000	0,00%
Dexter fjárfestingar ehf.....	-	2.600.000	2.600.000	0,00%
Haru Holding ehf.....	-	2.000.000	2.000.000	0,00%
Þorrasalir ehf.....	200.000	833.256	1.033.256	0,40%
Startup Reykjavík Invest ehf.....	742.775	-	742.775	1,49%
Sýn hf.....	581.850	-	581.850	1,16%
Aðrir hluthafar .....	-	15.935.731	15.935.731	0,00%
Samtals.....	50.000.000	90.153.700	140.153.700	100%

Stjórn Klappa grænna lausna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NasdaqOMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Í reglunum má einnig finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Hlutfall kynja í stjórn félagsins eru þrjár konur (60%) og tveir karlar (40%).

## Sjálfbærni

Stjórn vísar á frekari umfjöllun um Sjálfbærnisráðgjafi (e. Sustainability report) á heimasíðu félagsins.

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30.06.2021, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1.1.-30.06.2022.

Stjórn og forstjóri Klappa grænna lausna hf. staðfesta hér með árshlutareikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 25.ágúst 2022

**Í stjórn**

**Forstjóri**

*Árshlutareikningur Klappa græna lausna hf. er rafrænt undirritaður af stjórn og forstjóra.*

# Lykiltölur

	30.6.2022	30.6.2021
Rekstrartekjur .....	230.594.106	177.393.738
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) .....	46.624.537	45.995.850
Hagnaður (-tap) tímabilsins .....	14.064.864	12.413.915
Arðsemi eigin fjár .....	3,3%	2,9%
Arðsemi heildareigna .....	3,1%	2,7%

	30.6.2022	31.12.2021
Heildareignir .....	521.678.185	504.791.479
Skuldir samtals .....	98.957.345	83.255.503
Eigið fé og skuldir samtals .....	521.678.185	504.791.479
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	4,1	5,3
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	81,0%	83,5%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé .....	3,0	3,0

## Ýmsar stærðir sem hlutfall af tekjum

Annar rekstrarkostnaður .....	36,0%	23,0%
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (EBITDA) .....	20,2%	25,9%
Hagnaður (-tap) tímabilsins .....	6,1%	7,0%

## Rekstrarreikningur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	2022 1.1-30.06	2021 1.1.-30.6
Rekstrartekjur .....		140.833.282	131.953.612
Aðrar tekjur .....		89.760.824	45.440.126
		<u>230.594.106</u>	<u>177.393.738</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(100.972.731)	(90.519.143)
Annar rekstrarkostnaður .....		(82.996.838)	(40.878.745)
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og tekjuskatt (EBITDA) .....		46.624.537	45.995.850
Afskriftir og niðurfærsla .....		(30.694.791)	(32.606.369)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>15.929.746</u>	<u>13.389.481</u>
Fjármunatekjur .....		14.532	282.970
Fjármagnsgjöld .....		(1.306.285)	(1.143.444)
Gengismunur .....		(573.129)	(115.092)
	5	<u>(1.864.882)</u>	<u>(975.566)</u>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<u><u>14.064.864</u></u>	<u><u>12.413.915</u></u>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2022

Eignir	Skýr.	30.06.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	6	233.865.722	223.655.624
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	8.079.859	4.414.466
Tekjuskattseign .....	10	21.320.520	21.320.520
		<u>263.266.101</u>	<u>249.390.610</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		59.949.981	40.531.378
Aðrar skammtímakröfur .....		186.226.190	136.991.462
Handbært fé .....		12.235.913	77.878.029
		<u>258.412.084</u>	<u>255.400.869</u>
<b>Eignir</b>		<u>521.678.185</u>	<u>504.791.479</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	9	139.353.700	140.153.700
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		482.119.200	494.199.200
Annað bundið eigið fé .....		122.974.905	113.010.584
Óráðstafað eigið fé .....		(321.726.965)	(325.827.508)
<b>Eigið fé</b>		<u>422.720.840</u>	<u>421.535.976</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við tengd félög .....	11	35.344.694	35.344.694
		<u>35.344.694</u>	<u>35.344.694</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		19.231.126	14.115.588
Skuldir við lánastofnanir .....		16.275.579	0
Aðrar skammtímaskuldir .....		28.105.946	33.795.221
		<u>63.612.651</u>	<u>47.910.809</u>
<b>Skuldir</b>		<u>98.957.345</u>	<u>83.255.503</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>521.678.185</u>	<u>504.791.479</u>



## Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1.janúar til 30.júní 2022

	Skýr.	2022 1.1-30.6	2021 1.1.-30.6
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		15.929.746	13.389.481
Afskriftir .....		30.694.791	32.606.369
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta .....		46.624.537	45.995.850
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun) .....		(81.533.331)	(58.341.488)
Rekstartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) .....		15.701.842	(2.855.587)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta .....		(19.206.952)	(15.201.225)
Innborgaðir vextir og arður .....		14.532	282.970
Greiddir vextir .....		(1.306.285)	(1.143.444)
(Greiddur) innborgaður gengismunur .....		(573.129)	(115.092)
<b>Handbært fé til rekstrar</b>		<b>(21.071.834)</b>	<b>(16.176.791)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfestingar í óefnislegum eignum .....	6	(40.251.932)	(16.694.926)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	7	(4.318.350)	0
		<b>(44.570.282)</b>	<b>(16.694.926)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Hækkun á skuldum við tengd félög .....	11	0	344.694
		0	344.694
Lækkun handbærs fjár .....		(65.642.116)	(32.527.023)
Handbært fé í upphafi árs .....		77.878.029	80.683.819
Handbært fé í lok tímabils .....		<b>12.235.913</b>	<b>48.156.796</b>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Klappir Grænar Lausnir hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Klappir Grænar Lausnir hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogur.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1-30.06.22	1.1-30.06.21
Laun .....	114.813.724	86.223.572
Launategd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	26.410.939	19.456.431
Eignfærð laun .....	(40.251.932)	(15.160.860)
	<u>100.972.731</u>	<u>90.519.143</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	20	19

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	1.1-30.06.22	1.1-30.06.21
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	314	20
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	14.218	282.950
	<u>14.532</u>	<u>282.970</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld til tengdra félaga .....	(1.274.224)	(1.102.188)
Önnur vaxtagjöld .....	(32.061)	(41.256)
	<u>(1.306.285)</u>	<u>(1.143.444)</u>
Gengismunur greinist þannig:		
Gengismunur .....	(573.129)	(115.092)
	<u>(1.864.882)</u>	<u>(975.566)</u>

# Skýringar

## 6. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2022 .....	181.154.753	296.385.589	477.540.342
Eignfært á tímabilinu .....	0	40.251.932	40.251.932
Staða 30.06.2022 .....	181.154.753	336.637.521	517.792.274
<b>Afskriftir</b>			
Staða 1.1.2022 .....	91.683.888	162.200.830	253.884.718
Afskrift tímabilsins .....	8.960.440	21.081.394	30.041.834
Staða 30.06.2021 .....	100.644.328	183.282.224	283.926.552
<b>Bókfært verð</b>			
Staða 1.1.2022 .....	89.470.865	134.184.759	223.655.624
Staða 30.06.2021 .....	80.510.425	153.355.297	233.865.722
Afskriftarhlutföll .....	10%	20%	

## 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Áhöld og tæki
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1.1.2022 .....	6.949.247
Eignfært á tímabilinu .....	4.318.350
Staða 30.06.2022 .....	11.267.597
<b>Afskriftir</b>	
Staða 1.1.2022 .....	2.534.781
Afskrift tímabilsins .....	652.957
Staða 30.06.2022 .....	3.187.738
<b>Bókfært verð</b>	
Staða 1.1.2022 .....	4.414.466
Staða 30.06.2022 .....	8.079.859
Afskriftarhlutföll .....	10-35%

## 8. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélagum

	Eignarhlutur	Afkoma tímabils	Eigið fé
<b>Eignarhlutar í dótturfélagum:</b>			
Klappir nordic Aps. ....	100,00%	(11.492.700)	(11.492.700)

1.1.2022 sameinuðust dótturfélagin Heilsumat ehf. og Datadrive ehf. inn í Klappir grænar lausnir hf. Sameiningin hafði engin áhrif á efnahag samstæðunnar.

## 9. Eigið fé

Hlutfé félagsins í lok júní 2022 er 140,2 m.kr. að nafnverði.

Hlutir félagsins skiptast í A og B hluti. Í A hluthafaflokki eru útgefnir 50,0 milljón hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna og eitt atkvæði fylgir hverri krónu flutafjár. Í B hlutaflokki eru útgefnir 90,2 milljón hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti hafa flokkarnir sömu réttindi.

Hlutfé greinist þannig:

	A hlutir	B hlutir	Samtals hlutir
Heildarhlutfé í árslok .....	50.000.000	90.153.700	140.153.700
Eigin hlutir í árslok .....		(800.000)	(800.000)
	<u>50.000.000</u>	<u>89.353.700</u>	<u>139.353.700</u>

Félagið keypti 800.000 eigin hluti á árinu á genginu 1.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021 .....	140.153.700	494.199.200	76.331.601	(295.905.128)	414.779.373
leiðrétt frá fyrra tímabili .....				(8.899)	(8.899)
Breyting bundins eigin fjár ..			35.866.317	(35.866.317)	0
Hagnaður tímabilsins .....				6.765.502	6.765.502
Eigið fé 1.1.2022 .....	140.153.700	494.199.200	112.197.918	(325.014.842)	421.535.976
Keypt eigin bréf .....	(800.000)	(12.080.000)			(12.880.000)
Breyting bundins eigin fjár ..			9.964.321	(9.964.321)	0
Hagnaður tímabilsins .....				14.064.864	14.064.864
Eigið fé 30.06.2021 .....	<u>139.353.700</u>	<u>482.119.200</u>	<u>122.162.239</u>	<u>(320.914.299)</u>	<u>422.720.840</u>

Félagið hefur gefið út kaupréttarsamninga til starfsmanna að nafnverði 2.104.616 kr. Samkvæmt samningum þá ávinnst kauprétturinn í jöfnum hlutföllum á 4 árum. Samningur fellur úr gildi átta árum frá útgáfudegi. Um kaupréttaráætlun og kaupréttarsamninga félagsins gilda almennar reglur um slíka samninga sem fást viðurkenndir af Ríkisskattstjóra, meðal annars að samningar bjóðast öllum starfsmönnum og hámark innlausnar er 600.000 kr. á ári.

Bundið eigið fé samanstendur af eignfærðum þróunarkostnaði í samræmi við 2. mgr. 16-41. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

## 10. Tekjuskattseign

	Tekjuskattsinneign	
	30.06.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun .....	21.320.520	21.320.520
Staða í lok tímabils .....	<u>21.320.520</u>	<u>21.320.520</u>

Tekjuskattseign greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	30.06.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	164.741	95.901
Óefnislegar eignir .....	(16.473.374)	(15.643.044)
Veltufjáreignir .....	2.001.808	2.018.908
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	164.793.678	147.515.825
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi .....	(129.166.333)	(112.667.070)
	<u>21.320.520</u>	<u>21.320.520</u>

# Skýringar

## 10. Tekjuskattseign, frh.

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýttist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	30.6.2022
Frá hagnaði ársins 2023 .....	12.735.553
Frá hagnaði ársins 2024 .....	55.108.662
Frá hagnaði ársins 2025 .....	80.817.277
Frá hagnaði ársins 2026 .....	83.025.148
Frá hagnaði ársins 2027 .....	79.443.777
Frá hagnaði ársins 2028 .....	38.818.849
Frá hagnaði ársins 2029 .....	158.512.542
Frá hagnaði ársins 2030 .....	119.314.129
Frá hagnaði ársins 2031 .....	99.314.206
Frá hagnaði ársins 2032 .....	96.878.246
	<u>823.968.389</u>

## 11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag.

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn, sjá nánar í skýringu 9.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Engin veruleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu 1.1.-30.06.22.

Stöður við tengd félög 30.06.2022	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) .....		<u>35.344.694</u>
Stöður við tengd félög 31.12.2021	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (tengdur aðili eins hluthafa) .....		<u>35.344.694</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

## 12. Önnur mál

Á árunum 2017-2022 hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaði. Stærsti hluti verkefnisins, sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði, hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi. Samstæðan fékk á árinu 2022 staðfestingu frá Rannís þess efnis að þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna ársins 2022. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnanna á tímabilinu 1.1.-30.06 á árinu 2022 nemur 89,7 m.kr.

## 13. Reikningsskilaaðferðir

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu [og þjónustu] eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í lok tímabils.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

### Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við sameiningar félaga eða kaup á rekstri er mismunur á kaupverði og gangvirði hreinna eigna. Viðskiptavild er afskrifuð línulega á 10 árum.

## 13. Reikningskilaaðferðir, frh.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna hugbúnaðar og þróunarkostnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning. Val á afskriftaraðferð skal miðast við notkun á viðkomandi eign á nýtingartíma hennar. Þróunarkostnaður er afskrifaður á 5 árum.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.